

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Suðvesturlínur, Kópavogsbæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 1. mars 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir framkvæmdum við háspennulínur á þremur svæðum innan marka Kópavogsbæjar og eru þær eftirfarandi:

1. Ofan Lyklafells við Sandskeið er gert ráð Búrfellslínu 3, 400 kV, nýrri línu frá Sandskeiði að Hamranesi í Hafnarfirði, samsíða Kolviðarhóslínu 2.
2. Tvær nýjar 400 kV línur, Sandskeiðslína 1 og Búrfellslína 3, sem liggja munu samsíða Kolviðarhóslínu 2 ofan Selfells og Húsfells frá Sandskeiði að Hamranesi í Hafnarfirði. Alls er því gert ráð fyrir þremur samhliða línnum með u.þ.b. 50 m millibili í lagnaleið auk 30-50 m helgunarsvæðis sitt hvoru megin við línurnar.
3. Hamraneslínur 1 og 2, 220 kV, verða teknar niður þegar Búrfellslína 3 er komin í rekstur.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirlitað erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 1. mars 2010.*

F. h. r.  
**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*